

**Ed.**

**597. Nefndarálit**

um frv. til laga um stríðsslysaftryggingu sjómanna.

Frá meiri hluta fjárhagsnefndar.

Á fundi þeim, sem málið var tekið til endanlegrar afgreiðslu, var einn nefndarmanna (MJ) fjarstaddur, og hefir því óbundnar hendur um málið.

Nefndin hefir haft frv. þetta til meðferðar á nokkrum fundum, og einnig sent það til stjórnar „Stríðstryggingafélags íslenskra skipshafna“ til umsagnar. Svar hennar er prentað með sem forskj. Meiri hluti nefndarinnar mælir með, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Nánar í framsögu.

Alþingi, 23. des. 1939.

Bernh. Stefánsson,  
form., með fyrirv.

Erl. Þorsteinsson,  
fundaskr., frsm.

## Fylgiskjal I.

Reykjavík, 13. desember 1939.

Til fjárhagsnefndar efri deildar Alþingis.

Sem svar við bréfi yðar, dags. 8. des., viljum vér taka þetta fram:

1. Samkvæmt bráðabirgðalögum frá 27. okt. 1939 um stríðstryggingafélag íslenzkra skipshafna má félagið ekki taka að sér í eigin áhættu meira en 225000 kr. dánartryggingu á einu og sama skipi í hverri ferð. Samkvæmt frumvarpi um stríðstryggingu sjómanna getur áhættan á togurum farið upp í 252000 kr. á togara, og þyrfti þá að endurtryggja það, sem umfram yrði, ef hámarksákvæði bráðabirgðalaganna verður ekki breytt. En stjórn félagsins telur heppilegast, að ekki þurfi að endurtryggja skipshafnir á togurum.
2. Ef haldið er fast við þann grundvöll, sem byggt var á við stofnun félagsins, þyrfti að hækka áhættuféð um ca. 100000 kr. til þess að félagið geti tekið allt að 252000 kr. á skipi í eigin áhættu. Einnig mætti komast hjá því að rýra öryggi félagsins frá því, sem verið hefir, með því að lækka hámarksdánartryggingu sjómanna úr kr. 21000, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, niður í kr. 19000.

Einn af stjórnendum félagsins, Jón Blöndal, vill þó taka það sérstaklega fram, að áhættuféð sé að hans dómi svo ríflegt, að hagar félagsins sé fyllilega tryggður, þó að það taki í einstökum tilfellum allt að 252000 kr. í eigin áhættu, og gerir hann grein fyrir þeirri skoðun sinni í sérstöku fylgiskjali.

Virðingarfyllst.

Brynj. Stefánsson.

Jón Blöndal.

Ásgeir Þorsteinsson.

## Fylgiskjal II.

Reykjavík, 13. desember 1939.

Þegar nefnd sú, sem undirbjó frumvarp til laga um stríðstryggingafélag íslenzkra skipshafna, gerði áætlun um, hversu mikið áhættufé þyrfti að tryggja félaginu, var byggt á eftirfarandi grundvelli:

1. Gengið var út frá því, að slyshættan væri 1%, með öðrum orðum, að nettóíðgjöld félagsins þyrftu að meðaltali að vera 1% af tryggingarupphæðinni. Íðgjöldin hafa hinsvegar, síðan félagið tók til starfa, verið hvergi nærri svo há. (Brúttó)-íðgjöldin fyrir togarana (bæði til Englands og Þýskalands) hafa verið ½%; fyrir flutningaskipin til Ameríku 3/10%, til Englands 9/10%. Íðgjöld þessi hafa verið miðuð við það, sem erlend váttryggingafélög hafa tekið á sama tíma, og hefir slyshættan því yfirleitt verið metin allmikið lægri en gert var ráð fyrir í upphafi, þegar gerð var áætlun um áhættuféð.
2. Ef gengið er út frá 1% slyshættu, er áhættuféð ca. 4 μ („meðalfeilar“), þegar miðað er við 225000 kr. sem hámarkstryggingu.

Hækki hámarkið upp í 250000 kr., er áhættuféð hinsvegar ca. 3,5 μ. Útreikninga þessa hefir gert Kr. Guðm. Guðmundsson tryggingarfræðingur.

Hinsvegar er það fræðilega viðurkennt, að líkurnar til þess, að áhættuféð þurfi að vera meira en 3 μ, eru hverfandi litlar (2,7%), og ennþá minni eru þær, ef miðað er við 3,5 μ (0,46%).

Þegar tekið er tillit til þess hvorstveggja, að slyshættan, sem miðað var við í áætlun nefndarinnar, er talsvert mikið hærri en hún hingað til hefir verið metin á erlendum markaði, og þess að nefndin miðaði áhættuféð við 4μ, verður ekki annað sagt en að hin upphaflega áætlun um áhættuféð hafi verið svo varleg, að hagar félagsins sé ekki teft í neina tvísýnu, þó frumvarpið um stríðsslysatryggingu sjómanna yrði samþykkt óbreytt og félagið taki dánartryggingu þá, sem þar er gert ráð fyrir, á eigin ábyrgð.

Jón Blöndal.